

Samantekt um stöðu Vinabæjar/Stuðlaskarðs.

Í byrjun árs er gott að taka saman það sem hefur verið komið í framkvæmd við undirbúning á opnun nýs íbúðakjarna í Stuðlaskarði.

Undirbúningur hefur gengið vel. Ráðinn hefur verið forstöðumaður, Margrét Vala Marteinsdóttir. Hún hefur víðtæka reynslu í málefnum fatlaðs fólks og hefur starfað í Reykjadal, sumarbúðum fyrir fötluð börn og ungmenni í 16 ár. Hún starfaði sem forstöðumaður í 9 ár í Reykjadal.

Einnig hefur verið ráðinn deildastjóri, Þórhildur Sölvadóttir. Hún er iðjuþjálfari að mennt og hefur góða starfsreynslu í málefnum fatlaðs fólks, meðal annars frá Hnotubergi í Hafnarfirði og Reykjadal.

Samkvæmt samningi Landssamtakana Þroskahjálpar og verktaka ber honum að skila af sér eigi síðar en 1. mars. Hefur verktakanum gengið vel þrátt fyrir ýmis vandamál með aðföng og bendir allt til þess að afhending gæti orðið fyrr.

Forstöðumaður og deildastjóri hafa heimsótt alla tilvonandi íbúa og fjölskyldur þeirra þar sem meðal annars var farið yfir núverandi stuðningsþarfir og væntingar íbúa. Eftir heimsóknirnar var síðan gert mat á heildar stuðningsþörfum ásamt vaktarplani og áætlun um mönnun.

Gerð var könnun þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir tilvonandi íbúa og aðstandendur þeirra, til að meta sjálfstæði og líðan. Stefnt er að því að endurtaka þessa könnun reglulega svo hægt sé að fylgjast með breytingum á þeim þáttum.

Á aðalfundi Rekstrarfélags Vinabæjar var rætt um nafnið á íbúðakjarnanum sjálfum. Tekin var ákvörðun um að íbúðakjarninn fengi einfaldlega heitið Stuðlaskarð.

Auglýsing eftir starfsfólki fór í loftið í lok desember. Sett var upp heimasíða (www.studlaskard.is) til að auðvelda umsækjendum að sækja sér upplýsingar um starfið og íbúðakjarnann, ásamt því að fylla út starfsúmsókn.

Vel gekk að auglýsa og barst góður fjöldi af úmsóknum. Hafin er vinnsla á starfsúmsóknum og starfsviðtöl eru byrjuð. Stefnt er að því að ljúka starfsviðtölum í vikunni 24. - 28. janúar.

Við leggjum áherslu á að hafa tilvonandi íbúa með í ráðningarfærlinu. Tekin eru nokkur viðtöl og síðan verður fundur með íbúum þar sem farið er yfir umsækjendurnar. Íbúarnir hafa lokaval á þeim starfsmönnum sem verða ráðnir inn. Í hverju viðtali eru umsækjendur spurðir hverju þeir vilja koma á framfæri til íbúanna. Umsækjendur eru upplýst um það að íbúarnir munu hafa lokaval þegar kemur að því að velja það starfsfólk sem kemur til með að starfa fyrir þau.

Forstöðumaður ásamt deildastjóra hafa útbúið drög að starfsmannanámskeiði sem mun fara fram í byrjun febrúar. Gert er ráð fyrir því að nokkur námskeið verði haldin þar sem starfsfólk verður ráðið inn í nokkrum hópum á meðan aðlögun íbúa á sér stað.

Útbúin verður sérstök handbók fyrir starfsfólk Stuðlaskarðs. Hún verður tilbúin í lok janúar. Vinnsla við gerð hennar gengur vel. Við teljum mikilvægt að halda starfsfólki vel upplýstu um starf þeirra í Stuðlaskarði. Gerð handbókarinnar er mikilvægur liður í því.

Niðurröðun í íbúðir er nú lokið. Forstöðumaður og deildastjóri heimsóttu alla íbúana þar sem þeim var gefinn kostur á að segja sína skoðun á íbúðavali. Íbúarnir fengu mynd af íbúðakjarnanum ásamt mynd af tilvonandi íbúum sem þeir röðuðu niður á íbúðir. Tekið var mið af þeirra skoðun við röðun í íbúðir sem skilaði góðum árangri.

Í Stuðlaskarði munum við leggja ríka áherslu á sjálfstætt líf íbúanna og valdeflingu. Verið er að vinna í einstaklingsáætlun fyrir hvern og einn íbúa. Við munum leggja áherslu á að veita góðan stuðning í upphafi. Við höfum trú á því að það muni veita okkur svigrúm til að vinna einstaklingsmiðað sem og hópmiðað. Með þessu gætum við dregið úr þjónustubörf með tímanum. Það er okkar megin markmið, að styðja íbúanna að sjálfstæðu lífi þar sem vinir geta verið til staðar fyrir hvort annan.